



OPIÐ HÚS

HJÁ SKÓLASKRIFSTOFU MOSFELLSBÆJAR

Kroppurinn er kraftaverk

Fjórða opna hús vetrarins hjá Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar verður haldið **miðvikudaginn 25. febrúar klukkan 20:00** í Listasal Mosfellsbæjar

Eins og fram hefur komið, verður í vetur lögð áhersla á hagnýt ráð varðandi uppeldi og samskipti við börn og unglunga.

Ráð sem foreldrar, systkin, ömmur og afar, þjálfarar, kennarar og allir þeir sem koma að uppvexti barna og unglunga geta nýtt sér.

Að þessu sinni fjallar **Sigrún Daníelsdóttir**, sálfræðingur og höfundur bókarinnar **Kroppurinn er kraftaverk** um líkamsvirðingu meðal barna. Í fyrirlestrinum verður rætt um líkamsmynd barna og unglunga. Hvernig fjölmiðlar og önnur samfélagsáreiti hafa áhrif á viðhorf barna gagnvart holdarfari sínu og annarra og hvernig skapa megi umhverfi sem stuðlar að jákvæðri líkamsmynd og virðingu fyrir fjölbreytileika líkamsvaxtar.

Sigrún Daníelsdóttir er sálfræðingur og þrígga barna móðir. Hún hefur sérhæft sig í forvörnum og meðferð slæmrar líkamsmyndar og átraskana auk þess að sinna rannsóknarstörfum á sviði fitufordóma. Hún hefur sinnt gestakennslu við Háskólann á Akureyri, Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands. Í bráðum áratug hefur Sigrún staðið fyrir samfélagsbaráttu á sviði líkamsvirðingar og skipulagt árlega viðburði í tengslum við Megrunarlausu daginn.



MOSFELLSBÆR
virðing jákvæðni framsækni umhyggja

Þverholt 2 | 270 Mosfellsbæ
Sími 525 6700 | mos@mos.is
www.mos.is

Opna húsin hjá Skólaskrifstofu eru alltaf haldin síðasta miðvikudag í mánuði yfir veturinn, í Listasal Mosfellsbæjar frá klukkan 20 - 21. Athugið að gengið er inn austan megin (Háholtsmegin).

Aðgangur er ókeypis og öllum opin.
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar.



Viltu deila þessu á Facebook ?

